

# EFTIRLITSSKÝRSLA



## Húnaþing vestra Syðri Kárastaðir, nærri Hvammstanga

<b>Dags eftirlits</b>	20.6.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Húnaþing vestra	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hvammstangabraut 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5405982829	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Loftur Ingólfsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ína B. Ársælsdóttir	<b>Staðsetning</b>	408728,569 549136,39

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ástand urðunarstaðarins var nú mun betra en fyrir ári síðan, enga ólykt að finna og meðhöndlun vatns frá sláturúrgangi nú leidd í siturlögn. Ein athugasemd er gerð er varðar hreinsibúnað á vatni, en tvö frávik voru staðfest, þ.e. kröfur um botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar og mælingar á vatni eru ekki í samræmi við ákv. starfsleyfis þar um. Ákveðið var í eftirlitinu að í næsta reglubundnu eftirliti yrði haldinn samráðsfundur með heilbrigðiseftirliti.

### UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður var skoðaður með Jóni L. Ingólfssyni og síðan haldinn fundur með auk ofanefndra Sigurbjarti Halldórssyni og Ólafi H Stefánssyni. Farið var yfir aðgerðir í kjölfar síðustu eftirlitsskýrslu og áform rekstraraðila varðandi kröfur um botnpéttingu, péttingu hliða og jarðfræðilegan tálma urðunargryfja, skráningar úrgangsflokka, viðhald hreinsibúnaðar og mælingar á vatni sem um urðunarstaðinn fer.

#### Frávik frá

Þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en samkvæmt honum skal vernda jarðveg, grunn- og yfirborðsvatn með jarðfræðilegum tálma og botnpéttingu.

Ákv. 2.8 í starfsleyfi. Mæla skal rennsli, pH, hitastig og leiðni mánaðarlega o.fl. Sjá einnig ákv. 3.1 og 3.6 um skil niðurstaðna til Umhverfisstofnunar.

#### Lýsing á frávikum

Kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. Á þetta var einnig bent í síðasta eftirliti. Sækja þarf um nýtt starfsleyfi vegna þessa, ellegar skal hætta urðun á staðnum.

Mælipættir og tíðni mælinga á vatni frá urðun er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þar um. Sama frávik var staðfest fyrir ári. Síðustu mælingar sem Umhverfisstofnun hefur undir höndum eru frá því í okt. 2012. Mælingaákv. er umfangsmeira en gerist og gengur á urðunarstöðum hér á landi. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til samráðs vegna þessa.

### ATHUGASEMDIR

Á fundi í eftirlitinu kom fram að allur úrgangur sem fer í urðun er vigtaður og skráður. Eftirlitsaðili minnir vinsamlega á að senda Umhverfisstofnun einn dæmigerðann vigtarseðil eins og rætt var um í eftirlitinu.

Timburbrak, bretti, húsgögn o.fl. er notað sem grófsía við síun vökva sem berst úr sláturúrgangi. Timburkurl er oft notað við loftsiun/hreinsun. Þá er talið mikilvægt að kurl sé notað en ekki svo gróft brak, því kurl hefur margfalt stærri yfirborðsflöt sem eykur hreinsigetuna. Þá er mikilvægt að um hreint timburkurl sé að ræða, þ.e. ekki yfirborðsmeðhöndlað timbur (málning, viðarvörn o.þ.h.) Jarðefni eru yfirleitt notuð í vatnssíun eins og hér er gert í síubeði. Þá skiptir máli að magn og kornastærð drenmalar sé hæfileg. Umhverfisstofnun óskar eftir nánari upplýsingum um hreinsibúnaðinn, virkni timbursíunar og öðru því sem tryggir þá hreinsun sem búnaðinum er ætlað að anna. Þar sem söfnun og hreinsun á sigvatni og kröfur um péttingu á botni og hliðum o.s.frv. eru samhangandi þættir í mengunarförnum urðunarstaðarins er ákjósanlegast að hafa samráð við Umhverfisstofnun um þessa þætti. Því er lagt til að samráðsfundur verði haldinn með fulltrúa umsagna- og starfsleyfisteymis Umhverfisstofnunar við fyrsta hentuga tækifæri.

Reykjavík, 19.07.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.